

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2018

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 49,2 m€ og 149,2 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2017: 62,0 m€, fyrstu níu mánuðum 2017: 158,8 m€)
- EBITDA nam 13,5 m€ á þriðja ársfjórðungi og 24,1 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2017: 18,4 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2017: 32,3 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 8,2 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 11,2 m€ (3F 2017: 11,6 m€, fyrstu níu mánuði 2017: 17,3 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 17,4 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuði 2017: 13,2 m€)

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2018

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 námu 149,2 m€, samanborið við 158,8 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 24,1 m€ eða 16,2% af rekstrartekjum, en var 32,3 m€ eða 20,3% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,4 m€, en voru neikvæð um 3,7 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 1,9 m€, en voru jákvæð um 3,1 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 14,0 m€ og hagnaður tímabilsins var 11,2 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	3F2018	3F2017	9M2018	9M2017
Seldar vörur	49.237	62.019	149.194	158.832
Kostnaðarverð seldra vara	(34.120)	(43.220)	(118.417)	(122.472)
Vergur hagnaður	15.117	18.799	30.777	36.360
Aðrar tekjur	184	0	928	1.240
Útflutningskostnaður	(2.519)	(3.486)	(7.822)	(7.956)
Annar rekstrarkostnaður	(3.103)	(764)	(10.476)	(7.274)
Rekstrarhagnaður	9.679	14.549	13.407	22.370
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	184	(2.167)	(1.353)	(3.692)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	436	2.084	1.900	3.132
Hagnaður fyrir tekjuskatt	10.299	14.466	13.954	21.810
Tekjuskattur	(2.125)	(2.824)	(2.729)	(4.509)
Hagnaður tímabilsins	8.174	11.642	11.225	17.301
EBITDA	13.483	18.383	24.115	32.295

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2018

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 533,4 m€ í lok september 2018. Þar af voru fastafjármunir 445,0 m€ og veltufjármunir 88,4 m€. Eigið fé nam 258,7 m€, eiginfjárhlutfall í lok september var 48,5%, en var 51,6% í lok árs 2017. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 274,7 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2018 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	444.958	415.703
Veltufjármunir	88.434	82.389
Eignir samtals	533.392	498.092
Eigið fé	258.728	257.172
Langtímaskuldir	211.194	172.111
Skammtímaskuldir	63.470	68.809
Eigið fé og skuldir samtals.....	533.392	498.092

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 17,4 m€ á tímabilinu, en nam 13,2 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 28,7 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 9,9 m€. Handbært fé lækkaði því um 1,4 m€ á tímabilinu og var í lok september 16,2 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2018	2017
í þúsundum evra	1.1.-30.09	1.1.-30.09.
Handbært fé frá rekstri	17.366	13.213
Fjárfestingarhreyfingar	(28.681)	(41.638)
Fjármögnunarhreyfingar	9.938	31.690
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(1.377)	3.265
Handbært fé í lok tímabilsins.....	16.226	10.599

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2018 (1 evra = 124,15 kr) verða tekjur 18,5 milljarðar króna, EBITDA 3,0 milljarður og hagnaður 1,4 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2018 (1 evra = 128,34 kr) verða eignir samtals 68,5 milljarðar króna, skuldir 35,3 milljarðar og eigið fé 33,2 milljarðar.

Skipastóll og aflí

Í skipastól félagsins voru í septemberlok átta skip. Verið er að skoða sölu á frystitogaranum Þerney sem er í smíðum á Spáni. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 var aflí skipa félagsins 36 þúsund tonn af botnfiski og 97 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Önnur mál

Í september samþykkti stjórn HB Granda samning um kaup á öllu hlutfé í útgerðarfélaginu Ögurvík ehf. sem gerður var þann 7. september 2018. Kaupverðið er 12,3 milljarðar króna (um 96 milljónir evra). Hlutabréfin verða afhent við greiðslu kaupverðs. Á framhaldshluthafafundi HB Granda sem haldinn var 2. nóvember 2018 staðfestu hluthafar ákvörðun stjórnar. Samkeppniseftirlitið tilkynnti félaginu þann 22. nóvember að það „teldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar“ vegna viðskiptanna, og eru þar með allir fyrirvarar vegna kaupanna fallnir niður.

Í byrjun júní seldi eignarhaldsfélagið Deris S.A., sem HB Grandi á 20% hlut í, allar eignir fiskeldisfyrirtækisins Salmones Friosur S.A. til Exportadoa Los Fiordos Limitada (dótturfélags Agrosuper S.A). Stjórnvöld í Síle samþykktu viðskiptin í lok október. Lok viðskipta eru áætluð í byrjun desember 2018 en unnið er að því að flytja leyfin til fiskeldis yfir á nýja eigendur. Söluverðið var 229 milljónir usd eða um 198 milljónir evra á söludegi. Áhrif sölunnar á rekstarafkomu Deris S.A. að teknu tilliti til skatta eru áætluð 103 milljónir usd (um 89 milljónir evra) og 20% hlutur HB Granda í þeim 21 milljón usd (18 milljónir evra).

Kynningarfundur þann 29. nóvember 2018

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 29. nóvember klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.